

Comenius – Teen TV

Við undirritaðar erum nemendur í Fjölbrotaskóla Snæfellinga. Við erum skráðar í áfanga sem heitir Comenius og er samstarfsverkefni níu skóla í Evrópu. Við höfum núna tekið þátt í fjórum verkefnum, og í hverju verkefni gerum við eitt myndband með hinum þjóðunum. Á milli ferða er ákveðið eitthvert þema og hver þjóð gerir myndband út frá því sem síðan er sett á heimasíðu verkefnisins <http://comeniusteentv.eu/>.

Í fyrsta verkefninu fengum við nemendur og kennara í hinum skólunum í heimsókn til okkar og sögðum við ykkur frá því í mars sl.. Önnur heimsóknin var á Las Palmas á Kanarí í lok apríl. Þangað fóru þrír nemendur frá okkur, þær Sædís Ragna, Jóhanna og Soffía Rós. Þær skemmtu sér rosalega vel og gerðu myndband um hvað við fáum úr verkefninu og hét það Somos comenius. Síðan í október síðastliðnum fóru fjórir nemendur, þær Anna Júnía, Hildur Björg, Hrefna Rós og Rebekka til bæjarins Wloclawek í Póllandi. Það var einnig virkilega gefandi og skemmtileg lífsreynsla. Þar var búið til annað myndband þar sem áhersla var lögð á hvernig á að taka viðtöl. Í mars á næsta ári fara þær Anna Lind, Elín Sóley og Katrín Sara til bæjarins Geel í Belgíu og verður það síðasta ferðin í þessu verkefni. Fyrir þá heimsókn munum við vinna að verkefni um félagsleg tengsl og samskipti mismunandi kynslóða. Þið munuð því jafnvel verða vör við okkur að loknu jólafríi, því við komum til með að taka viðtöl við ansi marga fyrir þetta myndband. Það er ómetanleg lífsreynsla fyrir okkur að vinna með og kynnast nemendum frá jafn ólíkum löndum og eru í verkefninu, en þau eru Frakkland, Grikkland, Ítalía, Belgía, Norður-Írland, Spánn, Pólland og Þýskaland. Viljum við þakka öllum þeim sem hafa stutt okkur og óska ykkur gleðilegrar jólahátíðar.

Anna Júnía, Anna Lind, Elín Sóley, Hildur Björg, Hrefna Rós, Jóhanna, Katrín Sara, Lilja Hrund, Rebekka, Soffía Rós, Hrafnhildur og Sólrún



